

Mánudaginn 25. september 1939.

Nr. 7/1939. Sigmundur Björnsson
gegn

Verkamannafélaginu Hlíf

Varadómari hrm. Jón Ásbjörnsson í stað Kjartans Thors.

Stéttarfélag skyldað til þess að veita verkamanni félagsréttindi og sektað fyrir brot á 2. gr. l. nr. 80/1938.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 31. maí þ. á., af Sigmundi Björnssyni, verkamanni í Hafnarfirði, gegn stjórn verkamannafélagsins Hlíf í Hafnarfirði, og gerir stefnandi þær dómkröfur, að samþykktir verkamannafélagsins Hlíf hinn 26. febr. og 19. maí 1939, um að þeir einir geti verið löglegir meðlimir verkamannafélagsins Hlíf, sem ekki séu jafnframt meðlimir annars stéttarfélags verkamanna í Hafnarfirði í sömu starfsgrein, verði ómerktar, að því er hann varðar, að verkamannafélagið Hlíf verði skyldað til þess að veita stefnanda full og óskert félagsréttindi í Hlíf, þar með talin réttindi til setu á félagsfundum, málfrelsi, tillögu- og atkvæðisréttur ásamt öllum vinnuréttindum samkv. texta og samningum félagsins, að verkamannafélagið Hlíf verði dæmt í sekt fyrir brot á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938, og að verkamannafélagið Hlíf verði dæmt til að greiða stefnanda málskostnað samkv. mati réttarins.

Hið stefnda verkamannafélag gerir hins vegar þær dómkröfur, að það verði algerlega sýknað og því dæmdur málskostnaður eftir mati dómsins.

Tildrög máls þessa og málavextir eru þessir:

Í febrúarmánuði síðastliðnum ákvað stjórn verkamannafélagsins Hlíf í Hafnarfirði að vikja nokkrum mönnum úr félaginu og hlaut þessi ráðstöfun samþykki félagsfundar. Þessi brottvikning leiddi til þess, að margir verkamenn sögðu sig úr félaginu og stofnuðu nýtt verkamannafélag, er hlaut nafnið „Verkamannafélag Hafnarfjarðar“. Var félag þetta strax tekið upp í Alþýðusamband Íslands, og 15. febrúar s. l. gerði það samning við nokkur fyrirtæki í Hafnarfirði um kaup og kjör, og var meðal annars kveðið svo á í samningi þessum, að meðlimir verklýðsfélagsins skyldu sitja fyrir

vinnu hjá þessum atvinnurekendum. Meðal atvinnurekenda þeirra, er þannig sömdu við þetta nýja verklýðsfélag, var Bæjarútgerð Hafnarfjarðar. Verkamannafélagið Hlíf vildi ekki sætta sig við þennan gang málanna. Taldi það, að meðlimir þess hefðu forgangsrétt til vinnu hjá fyrirtækjum þeim, er samið hefðu við verkamannafélag Hafnarfjarðar, enda væri stofnun hins nýja félags andstæð lögum. Hóf Hlíf þá þegar vinnustöðvun hjá Bæjarútgerðinni og hindraði, að meðlimir Verkamannafélags Hafnarfjarðar gætu hafið vinnu hjá því fyrirtæki. Bæjarútgerðin höfðaði þá mál hér fyrir dómi til að fá skorið úr deilum þessum, og lauk því með dómi þessa dóms, sem upp var kveðinn 25. febrúar s. l., með þeim úrslitum, að viðurkenndur var réttur meðlima Hlífar til þess að sitja fyrir vinnu hjá Bæjarútgerðinni, en Hlíf var dæmd í sekt fyrir að hafa stofnað til ólögmarks verkfalls. Þegar eftir þessi málsúrslit ákváðu meðlimir Verkamannafélags Hafnarfjarðar að afturkalla úrsagnir sínar úr Hlíf, og var bréf þess efnis, frá allflestum þeirra, tekið fyrir á fundi í Hlíf 26. febr. s. l. og afturkallanirnar samþykktar á þeim fundi. Nokkrir munu hafa sent afturkallanir sínar til Hlífar daginn eftir, eða litlu síðar, og var stefnandi máls þessa meðal þeirra. Á þessum sama fundi í Hlíf var og samþykkt svohljóðandi tillaga: „Verkamannafélagið Hlíf ályktar, að þeir einir geti verið löglegir meðlimir Hlífar, sem ekki eru jafnframt meðlimir annars stéttarfélags í sömu starfsgrein.“ Hlíf hófst þó ekki handa um framkvæmd þessarar ályktunar. Áðurgreindir menn, er afturkölluðu úrsagnir sínar úr Hlíf, virðast hafa notið fullra félagsréttinda þar, en héldu þó áfram að vera meðlimir Verkamannafélags Hafnarfjarðar. Stóð við svo búið til 19. maí s. l. En á fundi í Hlíf þann dag var samþykkt svo hljóðandi ályktun:

„Fundur í verkamannafélaginu Hlíf, haldinn 26. febrúar 1939, samþykkti svohljóðandi ályktun: „Verkamannafélagið Hlíf ályktar, að þeir einir geti verið meðlimir Hlífar, sem ekki eru jafnframt meðlimir annars stéttarfélags verkamanna í Hafnarfirði í sömu starfsgrein.“

Þar sem nokkrir meðlimir Hlífar hafa, þrátt fyrir það, haldið uppi klofningsstarfsemi innan verkamannafélagsins Hlíf, á þann hátt, að halda uppi klofningsfélagi, hinu svokallaða „Verkamannafélagi Hafnarfjarðar“, þá ályktar fundur í verkamannafélaginu Hlíf, haldinn 19. maí 1939, að þeir meðlimir Hlífar, sem gengið hafa í hið svokallaða „Verka-

mannafélag Hafnarfjarðar“ og eru jafnframt meðlimir Hlífar, verði að skrifa og undirrita úrsagnir úr „Verkamannafélagi Hafnarfjarðar“ og afhenda þær stjórn Hlífar innan 5 daga frá 19. þ. m. að telja. Að öðrum kosti teljast þeir ekki lengur fullgildir meðlimir Hlífar, samkvæmt samþykkt félagsins frá 26. febrúar 1939 og öðrum samþykktum félagsins og lögum þess. Síðan sé atvinnurekendum tilkynnt, að þeir menn — ef nokkrir verða — sem ekki vilja segja sig úr „Verkamannafélagi Hafnarfjarðar“, séu ekki löglegir meðlimir v. m. f. Hlíf og njóti því ekki vinnuréttinda svo lengi sem nokkur fullgildur Hlífarmaður er fáanlegur til vinnu.“

Þeir meðlimir Hlífar, sem jafnframt voru í Verkamannafélagi Hafnarfjarðar, munu hafa haft þessa fundarályktun að engu, þar á meðal stefnandi. Ritaði þá stjórn Hlífar hinn 25. maí, atvinnurekendum í Hafnarfirði bréf og sendi þeim jafnframt lista yfir 110 menn, sem hún kvað ekki vera fullgilda meðlimi Hlífar, vegna þess að þeir væru meðlimir annars stéttarfélags verkamanna í Hafnarfirði. Þeir hefðu því ekki vinnuréttindi meðan fullgildir Hlífarmenn væru fáanlegir til vinnu. Efstur á þessum lista var stefnandi máls þessa, Sigmundur Björnsson.

Þessum gerðum verkamannafélagsins Hlífar vildu þeir meðlimir þess, er jafnframt voru í Verkamannafélagi Hafnarfjarðar, ekki hlíta. Hefur einn þeirra, stefnandi máls þessa, því höfðað mál þetta, og hefur hann hér fyrir dómi haft uppi framangreindar dómkröfur.

Til stuðnings máli sínu tilfærir hann það, að stofnun Verkamannafélags Hafnarfjarðar hafi að öllu leyti verið lögleg samkv. 1. gr. laga nr. 80 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Sú grein lögheimili stofnun stéttarfélaga, og það jafnt fyrir því, þó annað starfandi stéttarfélag í sömu starfsgrein sé til á staðnum. Hlíf geti því ekki byggt neinn rétt á því, að Verkamannafélag Hafnarfjarðar sé ekki stofnað að lögum. Þá heldur hann því og fram, að samkvæmt 2. gr. nefndra laga skuli stéttarfélög opin öllum í hlutaðeigandi starfsgrein, og það jafnt fyrir því, þótt svo sé, að menn, sem sækja um innngöngu í eitt stéttarfélag, séu jafnframt meðlimir í öðru stéttarfélagi í sömu starfsgrein í sama byggðarlagi. Og þeirri meginreglu 2. gr. áðurnefndra laga geti viðkomandi stéttarfélög ekki breytt, með því að setja gagnstæð ákvæði í samþykktir sínar. Hér sé ekki heldur því til að dreifa, að hann

hafi á nokkurn hátt brotið lög Hlífar, enda sé svipting sú á félagsréttindum, sem beitt hafi verið gagnvart honum, eingöngu byggð á þátttöku hans í öðru stéttarfélagi í sömu starfsgrein. Telur hann, að stefndi hafi með framferði sínu gerzt brotlegur við 2. gr. oftnefndra laga, og beri því að dæma hann til greiðslu sekta samkv. 70. gr. sömu laga.

Stefndi hefur haft uppi þær varnir hér fyrir dómi, að tilgangur laga nr. 80 1938 hafi verið sá, að aðeins eitt stéttarfélag væri í hverri starfsgrein á sama stað. Verkamannafélag Hafnarfjarðar hafi því ekki verið stofnað að lögum, með því að annað stéttarfélag var fyrir í sömu starfsgrein, og hafi því Hlíf verið heimilt að setja það að skilyrði fyrir inngöngu og veru í því félagi, að viðkomandi verkamenn væru ekki í öðru hliðstæðu félagi í sömu starfsgrein, og þar af leiðandi ólöglegu. En enda þótt svo yrði litið á, að heimilt hefði verið að stofna Verkamannafélag Hafnarfjarðar, þá væri það fjarri lagi að félagsmenn þar ættu nokkurn rétt til þess að vera jafnframt í verkamannafélaginu Hlíf. Ákvæði 2. gr. laga nr. 80/1938, um að stéttarfélög skyldu opin vera öllum í hlutaðeigandi starfsgrein, væri fullnægt, þegar verkamenn ættu þess kost að vera í einhverju því verklýðsfélagi í starfsgrein þeirra, er starfandi væri á félagssvæðinu. Þá væri og stéttarfélögum í 2. gr. oftnefndra laga gefið vald til þess að ákveða það sjálf, hvaða skilyrði þau settu fyrir því, að menn gætu fengið inngöngu í þau og verið þar.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, eiga menn rétt á því að stofna stéttarfélög í þeim tilgangi að vinna sameiginlega að hagsmunum verkalýðsstéttarinnar og launtaka yfirleitt. Eru í nefndri grein engar takmarkanir settar við því, að ekki megi vera nema eitt stéttarfélag í hverri starfsgrein á hverjum stað, og ekki verður það heldur dregið út af öðrum ákvæðum laganna. Verður að telja, að ef tilgangur löggjafans hefði verið sá, að takmarka tölu stéttarfélaganna, þá hefði það þurft að koma skýrt í ljós, og það því fremur sem vitað var, að á þeim tíma, er lögin voru sett, voru fleiri en eitt stéttarfélag starfandi, og höfðu, a. m. k. um skeið, verið starfandi í sömu starfsgrein innan sama bæjar- eða sveitarfélags. Og með því að telja verður, að Verkamannafélag Hafnarfjarðar sé stéttarfélag í skilningi 1. gr. laga nr. 80/1938, getur stefndi í máli þessu ekki byggt neinn rétt á því, að það sé ekki stofnað að lögum.

Þá verður og að fallast á þá skoðun stefnanda, að það ákvæði 2. gr. oftnefndra laga, að stéttarfélögin skuli opin öllum í hlutaðeigandi starfsgrein, gildi jafnt, hvort heldur að eitt eða fleiri stéttarfélög kunna að vera í sömu starfsgreininni í sama bæjar- eða sveitarfélaginu. Tilgangur lög-gjafans með þessu ákvæði virðist vera sá, að tryggja verkamönnum það, að afkomu- og atvinnumöguleikum þeirra geti ekki orðið spillt með því, að láta það vera að öllu leyti komið undir geðþótta verklýðsfélaganna hverjum þau veita viðtöku í félagsskap sinn. Og þótt stéttarfélögin séu fleiri en eitt í sömu starfsgrein, getur það skipt einstaka verkamenn miklu að geta verið í fleirum en einu þeirra, meðal annars vegna samninga stéttarfélaganna um forgangsrétt að vinnu hjá atvinnurekendum. Stefnda var þannig óheimilt að setja það að skilyrði fyrir því, að stefnandi nyti félagsréttinda í Hlíf, að hann segði sig úr Verkamannafélagi Hafnarfjarðar, og hefur hann (stefndi) því með framangreindum fundarályktunum sínum frá 26. febrúar og 19. maí þessa árs og með tilkynningu sinni til atvinnurekenda í Hafnarfirði 25. maí sama ár, um að stefnandi máls þessa væri ekki fullgildur og löglegur meðlimur Hlífar, brotið gegn ákvæðum 2. gr. laga nr. 80/1938, og ber að refsa honum fyrir það. Við ákvörðun refsingarinnar þykir rétt að taka tillit til þess, að upplýst er, að stefnandi hefur, óhindrað af hálfu stefnda, unnið hjá atvinnurekendum á staðnum, eftir að ofangreind tilkynning frá 25. maí var gerð.

Þar sem framangreindar fundarályktanir voru þannig andstæðar lögum, að því er stefnanda máls þessa varðar, og stefndi (Hlíf) byggir rétt sinn til þess að svipta hann félagsréttindum í því félagi aðeins á því, að hann sé meðlimur í öðru stéttarfélagi í sömu starfsgrein, verður samkvæmt framansögðu að taka þá kröfu stefnanda til greina, að honum verði veitt full félagsréttindi í verkamannafélaginu Hlíf, og er stefnda skylt að veita honum þau.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit máls þessa þau, að kröfur stefnanda verða allar teknar til greina, og þykir refsing stefnda samkvæmt framansögðu hæfilega ákveðin eftir 70. gr. laga nr. 80/1938, eitt hundrað króna sekt í ríkissjóð.

Eftir þessum málsúrslitum verður að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 150.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefnda skal skylt að veita stefnanda, Sigmundi Björnssyni, full og óskert félagsréttindi í verkamannafélaginu Hlíf í Hafnarfirði.

Stefndi, verkamannafélagið Hlíf, greiði kr. 100.00 í sekt í rikissjóð. Svo greiði hann og stefnanda kr. 150.00 í málskostnað, og greiðist fjárhæðir þessar innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 13. október 1939.

Nr. 22/1939. Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Jóns Eiríkssonar

gegn

Sveinafélagi múrara í Reykjavík.

Ágreiningur um það, hvort vinnusamningur hafi stofnast og út af því, hvort múrarameistari hafi skuldbundið sig til þess að vinna ekki.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 15. september þ. á., af Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Jóns Eiríkssonar, múrarameistara, Urðarstíg 15 hér í bæ, gegn Sveinafélagi múrara hér í bæ. Málavextir eru þessir:

Hinn 30. júní 1938 gerðu múrarameistarar og Sveinafélag múrara í Reykjavík með sér vinnusamning, og gekk samningur þessi úr gildi 15. júlí s. l. samkvæmt uppsögn frá Sveinafélaginu. Eftir að uppsögn hafði farið fram, en áður en samningstíminn væri útrunninn, reyndu aðiljar að semja um framlengingu samningsins. Það gekk ekki saman með þeim og slitnaði upp úr samningsumleitunum 8. júlí s. l. Hinn 16. júlí, eða daginn eftir að fyrr greindur samningur rann út, birti Sveinafélag múrara auglýsingu í blöðum bæjarins, þar sem það tilkynnir, að með því að samningar þess við múrarameistara séu útrunnir, geti meðlimir þess (sveinafélagsins) ráðið sig til múrarávinnu hjá hverjum þeim, sem skuldbindi sig til þess að verða við þeim lágmarkskröfum, sem svo eru nánar tilgreindar í auglýsingunni. Samkvæmt